

Reglur um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar

MARKMIÐ

1. gr.

Fagnefndir Akureyrarkaupstaðar veita ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum, sjálfseignarstofnunum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun bæjaryfirvalda. Markmiðið með styrkjum fagnefndanna er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi. Styrki þessa má í meginatriðum greina annarsvegar sem styrki til einstakra verkefna og hinsvegar sem styrki samkvæmt samningum til lengri tíma um reglubundna starfsemi eða tiltekin verkefni.

2. gr.

Markmiðið með þessum reglum er að samræma styrkveitingar á vegum Akureyrarkaupstaðar og stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

STYRKIR TIL EINSTAKRA VERKEFNA

3. gr.

Viðkomandi fagnefndir gera tillögur til bæjarráðs við gerð fjárhagsáætlunar um árleg framlög til styrkja. Bæjarráð fer einungis með úthlutun styrkja sem falla utan við verksvið fagnefnda. Bæjarráð getur þó falið einstökum fagnefndum að annast eftirlit með verkefnum sem það styrkir.

4. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki til einstakra verkefna. Fastanefndir Akureyrarkaupstaðar bera ábyrgð á auglýsingu styrkja, meðferð styrkumsókna hver á sínu sviði og úthlutun styrkja samkvæmt gildandi fjárhagsáætlunum. Bæjarráð og einstakar fagnefndir geta gert samþykktir innan ramma þessara reglna um eigið vinnulag við úthlutun styrkja.

5. gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan auglýsts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu. Sé umsókn ekki fullnægjandi skal gefa umsækjanda þriggja daga frest til úrbóta, að öðrum kosti skal hún teljast ógild.

6. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki einu sinni til tvisvar á ári. Afgreiðslu skal lokið innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfrestur rennur út. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn með styrkumsóknum auk annarra hagnýtra upplýsinga. Fagnefndir geta haldið eftir hluta af samþykktri heildarupphæð styrkja til að bregðast við umsóknum sem berast utan auglýsts umsóknartímabils, enda sé þá um að ræða umsóknir vegna atburða eða verkefna sem var ekki hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í undanfara almennrar styrkjaúthlutunar.

7. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Akureyrarkaupstaðar www.akureyri.is og í þjónustuanddyri Ráðhússins í Geislagötu 9. Í styrkumsóknum skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda auk upplýsinga um hvernig verkefni eða starfsemi fellur að almennri stefnumörkun sveitarfélagsins og þeirri stefnumörkun þess sem varðar starfssvið umsækjanda. Í umsókn skal einnig koma fram:

- a Markmið verkefnis eða starfsemi.
- b Tíma- og verkáætlun.
- c Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings.
- d Aðrar upplýsingar ef við á.

Hafi umsækjendur áður fengið styrki frá Akureyrarkaupstað skal liggja fyrir greinargerð um nýtingu fyrri styrkja.

8. gr.

Styrkumsóknir skulu skráðar í skjalakerfi Akureyrarkaupstaðar. Að umsóknarfresti liðnum fara framkvæmdastjórar nefnda yfir umsóknir og búa þær undir umfjöllun í viðkomandi nefnd. Styrkumsóknir sem berast utan auglýsts umsóknartíma skulu afgreiddar næst þegar umsóknir eru teknar til afgreiðslu hjá fagnefndum. Skal tilkynna umsækjendum um þá ráðstöfun.

9. gr.

Umsóknir skulu metnar m.a. með hliðsjón af:

- a Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- b Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- c Hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
- d Hvort skilagreinar um fyrri verkefni, sem styrk hafa hlotið, uppfylli kröfur.
- e Hvort styrkveitingin samræmist Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.
- f Væntanlegum árangri og ávinningi af starfseminni sem styrkurinn er ætlaður.
- g Fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.

10. gr.

Framkvæmdastjórar deilda leggja umsóknir fyrir fagnefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar. Ef stuðst er við umsagnir ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega, með bréfi eða tölvupósti, um afgreiðslu styrkumsóknar og hvernig styrkur kemur til greiðslu ef hann er veittur.

11. gr.

Styrkveiting gildir að jafnaði fyrir yfirstandandi fjárhagsár. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Akureyrarkaupstaðar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis sbr. 12. gr.

STYRKSAMNINGAR TIL LENGRI TÍMA

12. gr.

Fagnefndir í umboði bæjarstjórnar geta gert samninga um styrki til starfsemi sem uppfyllir skilyrði 1. greinar. Slíka samninga má gera til allt að 5 ára í senn en í þeim mega ekki vera ákvæði um að þeir framlengist sjálfkrafa. Af hálfu Akureyrarkaupstaðar skal setja skilyrði í slíka samninga um

- a að allri styrkfjárhæðinni skuli varið til þeirrar starfsemi sem Akureyrarkaupstaður vill styrkja með samningnum.
- b að fylgt sé þeim ákvæðum í Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar sem við eiga svo sem um kynjasambættingu, vinnu gegn staðalímyndum og kynjahlutfall í stjórnnum.
- c að styrkþegi skuli að loknu hverju starfsári skila greinargerð til ábyrgðarmanns samningsins af hálfu Akureyrarkaupstaðar þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hvernig markmiðum samningsins hefur verið náð, kyngreindar upplýsingar um hverjir hafa notið styrksins þar sem því verður við komið og annað sem við á.
- d að styrkþegi haldi bókhald samkvæmt lögum og reglum og hafi í starfi eða tryggan aðgang að aðila með þekkingu á sviði rekstrar, fjármálastjórnunar og bókhalds.
- e að styrkþegi skili fjárhagsáætlun samþykkt af stjórn í upphafi hvers fjárhagsárs.
- f að styrkþegi skuli innan eðlilegra tímamarka afhenda framkvæmdastjóra viðkomandi deildar ársreikning félagsins. Ef styrkuppþæð er undir 10 milljónum króna skulu framkvæmdastjóri deildar og fjármálastjóri Akureyrarkaupstaðar í sameiningu úrskurða um með hvaða hætti endurskoðun/áritun ársreiknings skal fara fram til að greiðsla styrks geti haldið áfram (t.d. með áritun félagskjörinna endurskoðanda). Ef styrkuppþæð er á bilinu 10 til 30 milljónir króna skal styrkþegi skila ársreikningi með könnunaráritun löggilts endurskoðanda og ef styrkuppþæð er hærri skal styrkþegi skila ársreikningi með fullri áritun löggilts endurskoðanda.
- g að fjárhæðir séu með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.
- h að samningar séu uppsegjanlegir með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti
- i að vísað sé til þessara reglna í samningi.

EFTIRLIT MEÐ MEÐFERÐ STYRKJA

13. gr.

Framkvæmdastjórar viðkomandi deilda bera ábyrgð á eftirliti með meðferð einstakra styrkja og framkvæmd samninga til lengri tíma en eins árs. Þeim ber að fylgjast með hvort styrkir séu notaðir eins og til er ætlast og geta krafist þess að styrkþegar skili greinargerð að verkefni loknu um hvernig styrkjum hefur verið varið.

Framkvæmdastjóri viðkomandi deildar skal a.m.k. einu sinni á ári kynna fyrir viðkomandi fagnefnd þær upplýsingar sem styrkþegar hafa skilað inn. Jafnframt getur fagnefnd árlega boðað fulltrúa styrkþega á fund til að fjalla um framkvæmd samninga, fjárhags- og starfsáætlanir, ársreikninga og önnur mál sem tengst geta styrkveitingum samkvæmt samningum til lengri tíma.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að styrkþegar skili til Akureyrarkaupstaðar umbeðnum upplýsingum eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok fjárhagsárs. Ef misbrestur verður á því er fjármálastjóra heimilt að stöðva greiðslur til viðkomandi styrkþega þar til úr hefur verið bætt.

14. gr.

Akureyrarkaupstaður áskilur sér rétt til að segja upp styrktarsamningi, rífta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

ANNAÐ

15. gr.

Framlög Akureyrarkaupstaðar sem felast í aðstöðu og/eða húsnæði skulu metin skv. reikni-reglum sveitarfélagsins um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

16. gr.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Akureyrarkaupstað skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

GILDISTAKA

17. gr.

Reglur þessar taka gildi með samþykkt í bæjarstjórn 20.11.2012.